

## Stofnanasamningur

milli Iðjuþjálfafélags Íslands og Landspítala um forsendur röðunar starfa  
Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar  
og Iðjuþjálfafélags Íslands hins vegar

### 1 Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra iðjuþjálfra á Landspítala sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt gildandi kjarasamningi Iðjuþjálfafélags Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

### 2 Framkvæmd röðunar og mats

Við framkvæmd á samningi þessum skal byggt á grunnforsendum kjarasamnings og horft til staðsetningar starfa í skipuriti stofnunarinnar, eðlis starfa, ábyrgðar og umfangs. Miða skal við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verksvið. Röðun skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.

### 3 Starfaflokkun til launa og grunnröðun:

<u>Starfaflokkur</u>	<u>Launafl. á bili</u>
Iðjuþjálfri B .....	070
Iðjuþjálfri C .....	071
Iðjuþjálfri D .....	081-101
Iðjuþjálfri E.....	111

Framangreind röðun miðast við 240 ECTS eininga grunnám iðjuþjálfra. Nánari lýsingar og skilgreiningar á starfaflokkun er að finna í fylgiskjali 1, með samningi þessum. Vegna breytinga og þróunar á starfssviði iðjuþjálfra eða starfsemi LSH geta orðið til ný störf sem ekki falla að starfaflokkun þessari sem þarf að raða sérstaklega. Leiði ný störf eða starfsemi til þess að forsendur þessa samnings teljist brostnar eða breyttar frá því sem nú er, skal samstarfsnefnd taka afstöðu til breytinga á röðunarreglum.

Gæta skal samræmis þegar störfum/starfsmönnum á mismunandi einingum Landspítala er raðað. Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafa áhrif á laun og með hvaða hætti skal skoðast sem fordæmi gagnvart öðrum starfsmönnum, svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

Við aðstoðardeildarstjóra og deildarstjóra er samið sérstaklega og taka skal mið af sambærilegum störfum annarra stétta innan stofnunarinnar.

Til viðbótar við röðun starfs skal taka mið af persónubundnum þáttum í starfi, sbr. nánar í gr. 4 hér á eftir.

#### 4 Persónubundnir þættir til ákvörðunar um viðbótarþætti

##### 4.1. Mat á menntun umfram grunnkröfu starfs

Viðbótarnám, sjá nánar fylgiskjal 2 (hámark 6 þrep)

Viðbótarmenntun - að lágmarki

30 ECTS einingar eða 180 kennslustundir.....1 þrep

60 ECTS einingar eða 360 kennslustundir.....2 þrep

Meistarapróf .....4 þrep

Doktorspróf .....6 þrep

Samkvæmt þessu getur iðjuþjálfari hækkað um allt að sex þrep til viðbótar við röðun starfs, vegna viðbótarnáms, sbr. nánari skilyrði mats samkvæmt fylgiskjali 2.

##### 4.2. Mat á sérstökum og/eða tímabundnum verkefnum

Iðjuþjálfari D í efri spönn eða iðjuþjálfari E sem er staðgengill yfirmanns raðast tveimur þrepum ofar en ella á forsendum sérstakrar ábyrgðar í starfi.

#### 5 Réttur til endurmits á röðun

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirliggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. 11. kafla kjarasamnings.


#### 6 Gildistaka

Samningur þessi gildir frá og með 1. desember 2018

Reykjavík, 27. nóvember 2018

f.h. Landspítala

f.h. Iðjuþjálfafélags Íslands

  
Björn Benediktsson  
Sóley S. Stefánsdóttir

Kristín Kristjánsdóttir  
Jóhanna Ósk Snaðdal  
Þóra Leósdóttir

## Fylgiskjal 1

### Starfaflokkun

Við ákvörðun um röðun starfa innan þess svigrúms sem um er að ræða skal taka tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðlis starfsins, ábyrgðar og umfangs og miða við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verk svið, sbr. 2. gr. hér að framan. Iðjuþjálfar á Landspítala bera ábyrgð á iðjuþjálfun og klínískum verkefnum á því sérsviði í samræmi við stefnu, gildi og markmið Landspítala.

#### Nánar um starfaflokkun sbr. 3. gr.

##### Iðjuþjálfafi B:

Er byrjandi í starfi. Nýtur tilsagnar eða bakvaktar reynds iðjuþjálfafa við störf sín og starfar sjálfstætt að því marki sem yfirmaður ákveður.

Kominn vel á veg. Starfar sjálfstætt án beinnar tilsagnar og tekur þátt í þróun starfs á sinni einingu. Metur árangur starfsins eða þeirrar meðferðar sem hann veitir. Tekur þátt í að leiðbeina samstarfsfólki og nemendum. Tekur þátt í faglegri þróun og gæðastarfi.

##### Iðjuþjálfafi C:

Er fær í starfi. Stjórnar, ákveður, skipuleggur og framkvæmir starf sitt og þau verkefni sem því fylgja. Skipuleggur og veitir fræðslu, auk þess að leiðbeina samstarfsmönnum og nemum. Tekur virkan þátt í þróun fags á sinni einingu og er þátttakandi í gæðastarfi. Hefur umsjón með starfsstöð/deild utan dagvinnutíma þar sem það á við. Skipuleggur störf annarra starfsmanna og útdeilir verkefnum. Skipuleggur og veitir fræðslu til sjúklinga/skjólstæðinga og aðstandenda.

##### Iðjuþjálfafi D:

Er mjög fær í starfi og hefur viðtæka þekkingu/reynslu á fagsviði. Til viðbótar við kröfur skv. starfaflokkun C tekur iðjuþjálfafi þátt í klínískri kennslu nema og getur verið umsjónarmaður klínískrar kennslu á starfsstöð.

Er fulltrúi deildar, sviðs eða stofnunar í stjórnun, nefndum og ráðum sem vinna að málefnum iðjuþjálfunar, skjólstæðinga og sjúkrahússins. Innleiðir nýjungar á sínu fagsviði, er leiðandi í gæðastarfi, og ber ábyrgð á faglegri þróun á sínu fagsviði. Þá tekur iðjuþjálfafi þátt í rannsóknunum.

Er staðgengill yfirmanns og ber ásamt honum ábyrgð á verkefnum er lúta að skipulagi og stjórnun deildar/einingar í samvinnu við deildarstjóra. Tekur virkan þátt í þróun skipulags og stjórnun deildar/einingar.

##### Iðjuþjálfafi E:

Er leiðtogi í klínísku starfi. Sérfróður í tiltekinni klínískri fræðigreini á fagsviði iðjuþjálfunar og er ráðgefandi varðandi sérhæfða meðferð. Stjórnar og skipuleggur starfsemi/þjónustu

VK  
DA

/meðferð í samræmi við sýn og stefnu Landspítala og metur árangur starfseminnar. Hefur aflað sér víðtækrar og sérhæfðrar þekkingar með a.m.k. 8 ára starfsreynslu og sérhæfðum námskeiðum og/eða ráðstefnum (a.m.k. 100 klst.) eða hefur meistaraþróf. Stýrir gæðastarfi á einingu í samráði við yfirmann og hefur frumkvæði að þróun og innleiðingu nýjunga í meðferð/þjónustu/fagi. Skipuleggur og tekur þátt í rannsóknum. Skipuleggur kennslu á sérsviði sínu. Ber ábyrgð á þróun fagsins/þjónustunnar/meðferðarinnar sem veitt er á deild, sviði eða stofnun í samráði við yfirmann. Er leiðandi í gagnreyndum starfsháttum.

KK 

## Fylgiskjal 2

### Vinnureglur samstarfsnefndar varðandi mat á sí- og endurmenntun

#### Viðbótarmenntun – hámark 6 þrep

- **Viðbótarmenntun / Diplomapróf<sup>1</sup>** - Iðjuþjálfari sem hefur aflað sér viðbótarmenntunar sem nemur 30 ECTS einingum eða 180 kennslustundum, hækkar um eitt þrep. Starfsmaður sem hefur aflað sér 60 ECTS eininga eða 360 kennslustunda, hækkar um eitt þrep til viðbótar. Hámarkshækkun vegna viðbótarmenntunar eru tvö þrep. Viðkomandi nám þarf að nýtast í viðkomandi starfi.
- **Meistarapróf** – Iðjuþjálfari með meistarapróf umfram grunnkröfu starfs, hækkar sem nemur fjórum þrepum ef námið nýtist í starfi. Launahækkun vegna viðbótarmenntunar kemur ekki til viðbótar við launahækkun vegna meistaraprófs. Hafi starfsmaður verið búinn að ávinna sér hækkun vegna viðbótarnáms þá hækkar hann um tvö til þrjú þrep eins og við á. Hámarkshækkun við mat á meistaraprófi eru fjögur þrep.
- **Doktorspróf** - Iðjuþjálfari með doktorspróf hækkar sem nemur sex þrepum ef viðkomandi viðbótarnám nýtist í starfi. Meistarapróf og viðbótarmenntun telst innifalið í doktorsprófi. Hækkun vegna meistaraprófs o.fl. kemur því ekki til viðbótar við þá hækkun vegna doktorsprófs er að framan greinir. Hafi iðjuþjálfari verið búinn að fá hækkun vegna meistaraprófs hækkar hann um tvö þrep við það að ljúka doktorsprófi.

#### Framkvæmd / gögn

Þegar sótt er um mat á viðbótarmenntun skal fylgja eftirfarandi ferli.

- a. Starfsmaður skráir í Oracle-sjálfsafgreiðslu starfsmanns upplýsingar um námskeið þar sem fram kemur heiti námskeiðs, tímafjöldi, dagsetningar og fl.
- b. Ljósrit af skjali sem sannar þátttöku viðkomandi skal senda til yfirmanns.
- c. Yfirmaður tekur afstöðu til þess hvort námskeið/menntun nýtist í starfi.

---

<sup>1</sup> Lágmarks kennslustundafjöldi sem metinn er eru 4 stundir eða 0,66 ECTS einingar.

KK DL

## Bókun 1

### Fyrirvari

Þann 14. ágúst 2015 kvað gerðardómur upp úrskurð í kjaradeilu 18 aðildarfélaganna BHM annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs hins vegar. Í 2. gr. úrskurðarorða gerðardóms um launahækkanir er kveðið á um hvernig laun skv. grein 1.1.1 í kjarasamningi skuli hækka á þeim framlengda gildistíma kjarasamnings sem gerðardómur ákvað. Þar kemur m.a. fram að þann 1. júní 2016 fari 1,65% „Til útfærslu menntunarákvæða, sbr. 5. gr. þessa úrskurðar, eftir því sem þörf krefur og eftir atvikum annarra þátta í stofnanasamningum.“

Í 5. gr. úrskurðarins er að finna nánari útlístu á því með hvaða hætti meta skuli menntun í stofnanasamningum. Aðilar gerðardóms, þ.e. fjármála- og efnahagsráðuneytið annars vegar og BHM og aðildarfélög þess hins vegar, eru ekki sammála um túlkun á ákvæðum gerðardóms um mat á menntun.

Þann 29. apríl 2016 sendi fjármála- og efnahagsráðuneytið leiðbeiningar til stofnana um útfærslu menntunarákvæðis úrskurðar gerðardóms. BHM sendi ráðuneytinu, ráðherra og forstöðumönnum stofnana athugasemdir sínar þann 18. maí 2016 þar sem áréttað var að aðilar væru ósammála um túlkun þessa mikilvæga ákvæðis.

Óljóst er hvenær niðurstaða fæst í ágreiningu aðila og þá hver hún verður. Ekki er hægt að útiloka að það komi í hlut Félagsdóms að leysa úr þessum ágreiningi. Þar til slík niðurstaða fæst eða samkomulag næst með aðilum er ljóst að miða verður mat á menntun í stofnanasamningi þessum við leiðbeiningar fjármála- og efnahagsráðuneytisins frá 29. apríl 2016. Iðjuþjálfafélag Íslands samþykkir stofnanasamning þennan með þeim fyrirvara að komi til þess að túlkun á ákvæðum gerðardóms verði síðar með öðrum hætti en skv. fyrrnefndum leiðbeiningum, eigi sér stað afturvirk leiðrétting í samræmi við þá túlkun.

KC DJ

# Fundargerð

Samstarfsnefnd kl. 15:00 í Bókastofu E-5, 2.h.

Iðjubjálfafélag Íslands

Dagsetning: 27.11.2018

## Fundarmenn

Frá félagi: Þóra Leósdóttir, Kristín Kristjánsdóttir og Sunna Kristinsdóttir

Frá LSH: Atli Atlason, Bára Benediktsdóttir, Sóley S Stefánsdóttir og Oddur Gunnarsson

## Fundargerð

Endurskoðun stofnanasamnings í tilefni af launapotti sem samið var um í kjarasamningi frá 2. febrúar 2018, kr. 5.018.359.

1. Stofnanasamningur - Farið er yfir drög sem liggja fyrir fundinum og þau lagfærð til samræmis við samkomulag aðila.  
Nýr stofnanasamningur með gildistíma frá og með 1. desember 2018 undirritaður.

### 2. Afturvirkni launahækkana

Vegna launapotts sem félagið samdi um í bókun 6 og viðauka með miðlægum kjarasamningi dags. 2. febrúar 2018 eru aðilar sammála um að framkvæma afturvirkar launahækkningar frá og með 1. janúar 2018 sem leiða af nýjum stofnanasamningi með eingreiðslu til handa hverjum og einum starfsmanni.

Eingreiðsla þessi nær til þeirra starfsmanna sem eru við störf á Landspítala þann 1. desember 2018.

Eingreiðslan miðast við heildarlaun, starfstíma og starfshlutfall hvers og eins fyrir tímabilið 1. janúar 2018 til og með 30. nóvember 2018 og kemur til framkvæmda með launagreiðslu eigi síðar en 1. janúar 2019.

3. Aðilar eru sammála um að iðjubjálfa C sem grunnröðuðust of hátt fyrr á þessu ári munu halda sinni núverandi "ofröðun" þar til þeir raðast í iðjubjálfa D en þá munu þeir taka rétta röðun samkvæmt stofnanasamningi.

-----  
Fleira ekki rætt


Næsti fundur aðila ákveðinn síðar



Sóley S Stefánsd.



Bára Benediktsd.

  
Kristín Kristjánsdóttir